

# LANDSKJÖRSTJÓRN

Dómsmálaráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. júní 2022

## Efni: Umsögn landskjörstjórnar við áform um endurskoðun kosningalaga nr. 112/2021

Landskjörstjórn er samkvæmt 1. mgr. 12. gr. kosningalaga nr. 112/2021 sjálfstæð stjórnslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd laganna. Hin nýju kosningalög tóku gildi 1. janúar 2022 og fékkst við sveitarstjórnarkosningarnar sl. vor mikil og verðmæt reynsla af lögunum og innleiðingu þeirra. Kosningalögin leysa af hólmi eldri löggjöf um kosningar sem samanstóð af fernum lagabálkum en þegar um svo miklar breytingar er að ræða er viðbúið að endurskoða þurfi tiltekna þætti af fenginni reynslu en eins og kemur fram í áformaskjalinu komu í ljós ýmsir ágallar á nýju kosningalögunum.

Hefur landskjörstjórn tekið saman þær ábendingar sem henni hafa borist um breytingar og mun koma þeim til ráðuneytisins. Lúta þær t.a.m. að framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu, kjörgögnum, talningu atkvæða og birtingu kosningaúrslita, hæfi kjörstjórnarfulltrúa og fyrirkomulagi óbundinna kosninga.

Vakin er athygli á því að landskjörstjórn telur einnig mikilvægt að taka til endurskoðunar fleiri ákvæði kosningalaganna en þau sem einkum komu til framkvæmda við sveitarstjórnarkosningarnar, t.d. ákvæði varðandi kostnað af kosningum, talningu og endurtalningu atkvæða, þróun og notkun rafrænna lausna o.fl. Auk þessa er mikilvægt að yfirfara vandlega reglugerðarheimildir og endurskoða reglur og reglugerðir sem þegar hafa verið settar á grundvelli laganna og ljúka setningu þeirra reglugerða er reglugerðarheimildir kosningalaganna kveða á um.

Landskjörstjórn styður heilshugar við þau áform að endurskoðun fari fram á kosningalögunum og er reiðubúin til að leggja sitt af mörkum við þá vinnu sem framundan er.

F.h. landskjörstjórnar

  
Ástríður Jóhannésdóttir, framkvæmdastjóri